

REGLUGERÐ

fyrir Hússjóð Fjallabyggðar

1. grein:

Sjóðurinn heitir Hússjóður Fjallabyggðrar. - Eigandi hans er Eining-Iðja.

2. grein:

Tilgangur sjóðsins er: Að standa straum af byggingakostnaði og rekstri húsnæðis fyrir skrifstofuhald og aðra þá starfsemi, sem eðlilegt telst að félagið hafi með höndum í Fjallabyggð.

3. grein:

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Húsaleigutekjur.
- b) Hluti af framlagi félagssjóðs til bygginga- og hússjóða á vegum félagsins, sem aðalfundur ákveður hverju sinni.
- c) Vaxtatekjur.

4. grein:

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki, að 2/3 hlutar atkvæða séu þeim fylgjandi.

Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundi Einingar-Iðju 17. apríl 2012.